

**Áramót 2022**  
**Siglingafélagið Ýmir**  
**31. desember 2022**  
**Skerjafjörður og innfirðir**

**TILKYNNING UM KEPPNI**

**1 REGLUR**

- 1.1** Keppt verður samkvæmt reglum sem tilgreindar eru í *Alþjóða kappsiglingareglum og Kappsiglingafyrirmælum SÍL*
- 1.2** Keppnin verður ekki haldin ef keppnisstjórn hefur ekki yfirsjón yfir keppnissvæðið vegna skerðingar á skyggni eða ef hitastig er of lágt og vindkæling of mikil að mati keppnisstjórnar. Keppnisstjórn miðar við hitastig sé yfir frostmarki, að vindur á keppnissvæðinu verði ekki undir 2 m/sek og ekki yfir 8 m/sek til að keppni verði ræst.
- 1.3** Ef tungumálum ber ekki saman skal enska útgáfa textans gilda.
- 1.4** Þegar regla 20 gildir, má bátur gefa til kynna þörf fyrir rúm til að staggvenda t.d. með kalli eða bendingum.

**2 SIGLINGAFYRIRMÆLI**

- 2.1** Siglingafyrirmælin verða afhent á skipstjórnarfundum klukkan 12:00 og birt á FB síðu Ýmis 28 desember 2022 <https://www.facebook.com/groups/152400508125454> ef útlit er fyrir að veður verði nógu gott.

**3 SAMSKIPTI**

- 3.1** Keppnisstjórn birtir upplýsingar á FB síðu Ýmis ef við á.
- 3.2** Keppnisstjórn notar rás 74 fyrir öll samskipti
- 3.3** Á meðan á keppni stendur (tekur gildi við fyrsta viðvörunarflaut) mega keppendur ekki nota talstöðvar eða önnur samskiptatæki nema í neyðaratilvikum og ef allir keppendur fá sömu upplýsingar. Þessi takmörkun gildir einnig um farsíma

**4 HLOTGENGI OG ÞÁTTTAKA**

- 4.1** Mótið er opið öllum bátum í forgjafakeppni á flokknum sem hafa Portsmouth yardstick eða forgjöf sem SÍL samþykkir ef bátur er ekki á lista Portsmouth yardstick.
- 4.2** Portsmouth yardstick forgjöf er notuð, ef bátur er ekki á listanum skal hafa samband við SÍL og fá forgjöf sem SÍL samþykkir
- 4.3** Keppt er í opnum flokki með forgjöf samanber að ofan
- 4.4** Hlutgenga báta má skrá með því að senda eftirfarandi upplýsingar um keppendur á eftirfarandi tölvupóstfang: [adalsteinn@lyfja.is](mailto:adalsteinn@lyfja.is)
1. Nafn
  2. Kennitölu
  3. Félag sem keppt er fyrir
  4. Nafn og síma foreldris ef keppandi er ekki orðinn 18 ára
  5. Bátur og seglanúmer

- 4.5** Skráning telst ekki gild fyrr en öllum skráningarskilyrðum er fullnægt.

- 4.6** Skráning að fresti liðnum verður heimiluð til klukkan 11:00 á keppnisdegi.

**5 TÍMAÁÆTLUN**

- 5.1** Skráning: Skráningu skal lokið fyrir klukkan 21:00 26. desember 2022

- 5.2** Skipstjórafundur klukkan 12:00 31. desember. 2022

Fjöldi keppna: 1-3 eftir veðri

5.3 Áætlaður tími fyrir viðvörunarmerki fyrstu keppni er klukkan 13:00 31. desember. 2022.

5.4 Ekki verður gefið viðvörunarmerki eftir klukkan 15:00

## **6 STIGAGJÖF**

6.1 Notað er lágstigakerfi skv A4.1 í viðauka A

6.2 Ljúka þarf einni umferð til að keppni teljist lokið.

## **7 PERSÓNUVERND**

7.1 Með skráningu í keppni heimila þátttakendur myndbirtingar á vegum keppnishaldara og SÍL ásamt birtingu úrslita.

## **8 TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR**

8.1 Keppendur sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 3, Ákvörðun um að keppa. Skipuleggjendur firra sig allri ábyrgð vegna skemmda eða líkamstjóns eða dauðsfalla í tengslum við eða fyrir eða eftir keppni eða á meðan keppni stendur án tillits til orsakatengsla.

## **9 VERÐLAUN**

9.1 Verðlaun verða veitt fyrir 3 efstu sætin og Ýmir býður uppá léttar veitingar að venju.

## **10 FREKARI UPPLÝSINGAR**

10.1 Frekari upplýsingar veitir Aðalsteinn tölvupóstfang: [adalsteinn@lyfja.is](mailto:adalsteinn@lyfja.is)